




ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 14 - JAN. '80



Fréttapistill

Kæru lesendur. Alpaklúbburinn hefur ákveðið að taka upp þá nýjung að birta fréttir um þær merkisferðir klúbbsmeðlima, sem þeir fara fyrir utan ÍSALPferðir. Mun fréttapistill þessi birtast í hverju blaði upp frá þessu, ef þess er kostur, þ.e.a.s. ef fréttir verða nægilega margar. Er þá helst minnst á klifurferðir í þessu sambandi. Eru félagar vinsamlegast beðnir um að hafa samband við Snævarr Guðmundsson eða aðra úr ritnefnd, t.d. á Opnum húsum, ef þeir fara einhverjar leiðir og þá sérstaklega ef um nýjar klifurleiðir er að ræða.

Þann 6. janúar síðastliðinn klifu 2 félagar ÍSALP nýja stutta leið rétt hjá bænum Esjubergi undir Esju. Þeir Torfi Hjaltason og Snævarr Guðmundsson fóru hana báðir "sóló". Er þarna um að ræða ísfoss, en í honum voru tveir snjóskafar, en annars nokkuð löng og brott íshöft. Ástand fossins var frekar slæmt og er leiðin nokkuð opin. Meðalhelli leiðarinnar er í kringum 55° og telst fossinn af III. gráðu. Lengd leiðarinnar er um 70 metrar.

Þriðja tilraun til að klífa NV-vegg Skessuhorns var gerð 3.2.

síðastliðinn. Áttu þar í hlut Hermann Valsson og Jón Þór Ólafsson, en þeir þurftu að hætta við vegna myrkurs og voru þá komnir 150 m. upp í vegginn. Fleiri voru í þessari ferð, en þeir fóru á fjallið eftir léttari leiðum.

Í janúarmánuði síðastliðnum fóru tveir félagar ÍSALP, þeir Erlingur Thoroddsen og Sigurður Gunnarsson, til Skotlands á vetrarfjallamennskunámskeið. Nánar tiltekið í Glenmore Lodge. Námskeiðið tók viku og létu þeir félagar vel af kennslu og aðbúnaði öllum. Slæmar klifuraðstæður voru að vísu til baka, því ekki var hægt að fylgja þrógramminu til fullnustu.

Að lokum kemur hér ein snjóflóðasaga. Það var 10. febrúar sem 9 félagar klúbbsins voru á ferð á jafnsakleysislegum stað og Húsmúla í Hengli. Fóru þá af stað snjóflóð þar sem þeir voru staddir í 20-30° bratta. Allir sluppu þeir ómeiddir úr flóðinu, en hér var á ferðinni blautasnjóflóð og var það 2 m. á þykkt þar sem mest var. Flóðið var um 300 m. breitt og skreið niður um 60 m. Já, það er aldrei of varlega farið.

Tekið saman af Snævarri Guðmunds-syni.